



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Snæfellsnesvegur um Skógarströnd, umsögn um þingsályktunartillögu

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi þingsályktunartillögu um hagkvæmnisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, 125. mál á 154. löggjafarþingi.

Snæfellsnesvegur um Skógarströnd er einn umferðarþyngsti malarvegur landsins með fjölmörgum einbreiðum brúm. Vegagerðin hefur unnið á undanförunum árum að uppbyggingu Snæfellsnesvegar í samræmi við samgönguáætlun 2020-2034 sem samþykkt var í júní 2020. Í fjárfestingaátaki stjórnvalda árið 2020 var framkvæmdum við Snæfellsnesveg flýtt og var samgönguáætlun endurskoðuð í júní 2021.

Í dag er rúmlega 50 km langur kafli Snæfellsnesvegar frá Stykkishólmsvegi að Vestfjarðavegi malarvegur með 6 einbreiðum brúm, að auki eru 2 einbreiðar brýr á Hörðudalsá og Miðá sem þarf að endurbyggja þar sem bundið slitlag er.

Árið 2020-2021 var rúmlega 2 km kafli frá Ketilstöðum að Dunkárbakka endurbyggður og sumarið 2021 hófust framkvæmdir við 5,4 km langan kafla frá Ketilstöðum að Dunkárbakka ásamt tveimur nýjum brúm yfir Skraumu og Dunká og lauk þeim árið 2023. Alls var varið um 1.743 m.kr. til uppbyggingar Snæfellsnesvegar í þessum verkefnum árin 2019-2023.

Í þingsályktun um samgönguáætlun 2024-2038 sem er til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd er gert ráð fyrir alls 11.500 m.kr. til uppbyggingar á Snæfellsnesvegi á tímabilinu. Um er að ræða 700 m.kr. árin 2027-2028, 6.745 m.kr. árin 2029-2033 og 4.055 m.kr. árin 2034-2038. Með þeim framkvæmdum er lokið að koma bundnu slitlagi á allan kaflann og skipta út 6 einbreiðum brúm.

Vegagerðin hefur unnið frumdrög að Snæfellsnesvegi að Heydalsvegi og vinnur nú að frumdrögum og umhverfismati vegna Snæfellsnesvegar frá Heydalsvegi að Stykkishólmsvegi. Gert er ráð fyrir að umhverfismati geti lokið árið 2025-2026. Hluti af þessum undirbúningi er að meta hagkvæmni verkefnisins sem og áhrifa á samfélag og byggð. Hluti af umhverfismati er jafnframt að skoða valkosti varðandi þverun Álftafjarðar en líklegt er að töluverð hagkvæmni geti falið í þverun fjarðarins í stað þess að endurbyggja veg inn fjörðinn og er áætluð stytting Snæfellsnesvegar um 7-8 km með þverun Álftafjarðar.

Vegagerðin gerir ráð fyrir að næsti áfangi við uppbyggingu Snæfellsnesvegjar verði um 5-7 km langur kafli frá Stykkishólmsvegi að Álftafirði og að sá áfangi geti komist til framkvæmda 2027-2028 miðað við þingsályktun um samgönguáætlun 2024-2038. Mögulegt er að flýta þeim áfanga til 2025-2026 ef fjárveitingar fást til verksins.

Æskilegt er að veittar verði sérstakar fjárveitingar til umhverfismats, rannsókna og hönnunar á næstu árum.

Í þingsályktun um samgönguáætlun 2024-2038 kemur fram hver er áætlaður kostnaður við uppbyggingu núverandi malarvegjar sem er um 11.500 m.kr. Verkefnið er að mestu á skilgreiningastigi en unnið er að frumdrögum. Áætlað mat á óvissu kostnaðar er á því hönnunarstigi getur verið +70% enda hefur ekki verið tekin ákvörðun um endanlegt val á veglínunum.

Síða 2/2

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Guðmundur Valur Guðmundsson
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Undirskrift

Vegagerðin